Norðurþing
Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 nordurthing@nordurthing.is

Reglur um ábyrgðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í stjórnsýslu Norðurþings.

I. Um ábyrgðarmörk stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndar-/ráðsfólks Norðurþings.

1. grein

Kjörnir fulltrúar eru fulltrúar í sveitarstjórn og varamenn þeirra. Nefndar-/ráðsfólk eru þeir einstaklingar sem tilnefndir eru í fagnefndir/ráð sveitarfélagsins og starfa í umboði sveitarstjórnar.
Kjörnir fulltrúar og ráðsfólk starfa samkvæmt:

- Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 með síðari breytingum
- Gildandi samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings á hverjum tíma
- Erindisbréfum ráða og nefnda
- Reglum þessum
- Ákvörðunum og útgjaldarömmum sem sveitarstjórn samþykkir
- Lögum og reglum sem gilda um einstaka málaflokka
- Stjórnsýslulögum og lögum/reglum sem stjórnvöld setja

2. grein

Stjórnendur eru allir yfirmenn samkvæmt gildandi skipuriti og stjórnskipulagi sveitarfélagsins á hverjum tíma.
Stjórnendur starfa samkvæmt:

- Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 með síðari breytingum
- Gildandi samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings á hverjum tíma
- Stefnum og sérstökum stefnumarkandi samþykktum sveitarstjórnar
- Ákvörðunum, áætlunum og útgjaldarömmum sem sveitarstjórn samþykkir
- Gildandi kjarasamningum og samningum um ráðningarkjör
- Reglum þessum
- Lögum og reglum sem gilda um málaflokk þeirra eða verkefni
- Erindisbréfum ráða og nefnda
- Stjórnsýslulögum og lögum/reglum sem stjórnvöld setja
- Samþykktum útgáfum handbóka fyrir stjórnendur Norðurþings á hverjum tíma

3. grein

Meginverkefni kjörinna fulltrúa og ráðsfólks er að vinna að framkvæmd stefnu með samþykktum í sveitarstjórn og á ráðsfundum. Allar ákvarðanir eru teknar hjá fjölskipuðu stjórnvaldi, á boðuðum fundum sveitarstjórnar, byggarráðs og fastaráða.

- Fara með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt II. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

- Ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og tilhögun mönnunar hennar
- Stefnumarkandi umræða um málefni sveitarfélagsins
- Ákvarðanataka um málefni sveitarfélagsins
- Starfs-, fjárhags- og skipulagsáætlanir
- Reglusetning og gjaldskrárákvarðanir
- Eftirlitshlutverk með samþykktum og ákvörðunum sveitarstjórnar, ráða og nefnda og að starfssemi sé samkvæmt lögum og samþykktum reglum.

Undirbúningsvinna fyrir fundi og ákvarðanatöku, leita ráðgjafar og upplýsinga.

4. grein

Sveitarstjóri og sviðsstjórar bera ábyrgð á að dagleg starfsemi sé skv. samþykktri stefnu sveitarstjórnar og á ákvörðunum sveitarstjórnar og ráða í hverjum málaflokki fyrir sig.

- Koma ákvörðunum í framkvæmd
- Virða lýðræðislegt umboð kjörinna fulltrúa
- Vinna við hefðbundin verkefni á sínu sviði
- Starfa skv. samþykktri stefnu sveitarstjórnar
- Halda sig innan samþykktrar fjárhagsáætlunar
- Vinna skv. samþykktri starfsáætlun
- Vinna eftir ákvörðunum sveitarstjórna og ráða

5. grein

Kjörnir fulltrúar og ráðsfólk hafa sem einstaklingar ekki boðvald yfir starfsmönnum sveitarfélagsins.
Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefna sveitarfélags. Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins.
Sveitarstjóri og/eða sviðsstjórar geta vísað beiðnum kjörinna fulltrúa til millistjórnenda sinna.
Sveitarstjóri kynnir og er í forsvari fyrir ákvarðanir og stefnumörkun sveitarstjórnar en formenn nefnda og ráða kynna ákvarðanir þeirra. Stjórnendur kynna og eru í forsvari fyrir framkvæmd samkvæmt samþykkt þessari.

Óski sveitarstjórnarfulltrúi gagna skal hann beina því til sveitarstjóra og viðkomandi sviðsstjóra, sem veita honum afrit af gögnum og upplýsingum.
Séu gögn viðamikil eða undanþegin upplýsingarétti almennings er heimilt að ákveða að afhending gagna fari fram í Stjórnsýsluhúsi í tiltekinn tíma, en að gögn verði ekki afhent utan Stjórnsýsluhúss.
Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í sveitarstjórn er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

II. Um framkvæmdastjórn Norðurþings

6. grein

Sveitarstjóri starfar samkvæmt ákvæðum Samþykktar um stjórn og fundarsköp Norðurþings. Sveitarstjóri framfylgir ákvörðunum sveitarstjórnar um stefnumál og verklagsreglur og er tengiliður sveitarstjórnar við stjórnendur sveitarfélagsins. Framkvæmdastjórn Norðurþings er sveitarstjóra til ráðgjafar um rekstur og stjórn sveitarfélagsins.

Framkvæmdastjórn Norðurþings er skipuð sveitarstjóra og sviðsstjórum. Helstu verkefni framkvæmastjórnar eru þessi:

- Eftirfylgni með ákvörðunum sveitarstjórnar, ráða og nefnda og eftirlit með þjónustunni sem stofnanirnar og fyrirtæki eiga að veita samkvæmt starfsáætlunum og reglum.
- Samræming starfsemi milli stofnana, deilda og sviða.
- Eftirlit með fjármálum aðalsjóðs og fyrirtækja sveitarfélagsins.
- Samningagerð og eftirfylgni með samningum.
- Tengsl og samskipti við kjörna fulltrúa og fagnefndir
- Reglulegt samráð við stjórnendur sviða og deilda og samvinna með þeim/ við þá

III. Um skyldur og starfshætti stjórnenda

7. grein

Sveitarstjóri og sviðsstjórar skulu í samræmi við stöðu sína og hlutverk veita kjörnum fulltrúum upplýsingar og ráðgjöf sem byggist á staðreyndum og faglegu mati á valkostum þannig að kjörnir fulltrúar geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun. Ákvæði þetta á jafnframt við um ráðgjöf sviðsstjóra stoðþjónustu, s.s. sviðstjóra stjórnsýslusviðs, fjármálastjóra og lögmanns sveitarfélagsins/ persónuverndarfulltrúa til annarra sviðsstjóra.
Sveitarstjóri og sviðsstjórar taka ekki pólitískar ákvarðanir, en ráðgjöf þeirra getur beinst að mati á því hvaða pólitíska stefna eða ákvörðun gagnast best m.t.t. laga og málefnalegra og lögmætra sjónarmiða.
8. grein
Stjórnendum ber að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi og taka þá fram yfir hagsmuni stjórnunareiningar sinnar ef svo ber undir. Einnig að hafa að leiðarljósi þá skilgreiningu á „Hlutverki stjórnanda hjá Norðurþingi“ sem í gildi er á hverjum tíma samkv.samþykkt byggðarráðs.

Hlutverk stjórnanda:

- Leiðtogi undirmanna sinna í þeirri viðleitni að veita sem besta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins samkvæmt stefnu sveitarstjórnar. Hann hefur samráð við undirmenn sína um framkvæmd stefnunnar en þeir taka þátt í mikilvægum ákvörðunum sem varða starfsvettvang þeirra
- Ákveður samskiptaleiðir þeirra stofnana og eða deilda sem heyra beint undir hann. Stjórnandi getur ekki sett starfsreglur sem hafa áhrif á verksvið annarra hliðstæðra stjórnenda nema í samráði við þá og sameiginlegan yfirmann.

- Samræmir störf milli sviða, stofnana og eða deilda sem heyra beint undir hann.
- Færir, eftir þörfum, útgjöld milli rekstrarliða innan deildar/stofnunar frátöldum liðum sem bundnir eru af lögum, reglugerðum og samþykktum Norðurþings. Ákveður tilhögun starfsmannahalds, m.a. ráðningar almennra starfsmanna og tilfærslu þeirra milli starfa samkvæmt ráðningarsamningum, kjarasamningum og gildandi reglum sveitarstjórnar. Stjórnandi auglýsir störf og gefur upplýsingar um þau og gerir ráðningarsamninga að höfðu samráði við launafulltrúa og starfs- og kjaranefnd. Stjórnanda er óheimilt að semja um ráðningarkjör umfram kjarasamninga (hlunnindi, fastar yfirvinnugreiðslur o.s.frv.) eða samþykktir sveitarstjórnar.
- Ber ábyrgð á innkaupum deildar og stofnunar sem undir hann heyrir í samræmi við stefnu og reglur sveitarfélagsins í innkaupamálum. Gerir þjónustusamninga um einstaka verkþætti og býður út verk, í samræmi við innkaupareglur sveitarfélagsins Sviðsstjóra er heimilt, í samráði við sveitarstjóra að gera minniháttar samninga til allt að þriggja ára ef þeir hafa ekki í för með sér aukningu á árlegum útgjöldum málaflokksins eða breytingar á þjónustunni sem veitt er.
- Hefur eftirlit með daglegri starfsemi stofnana og eða deilda sem undir aðra stjórnendur heyra, sem lægra eru settir í skipuriti, en hlutast ekki til um hana nema um frávik sé að ræða frá vönduðum stjórnsýsluháttum, samþykktum starfs- og fjárhagsáætlunum eða reglum og samþykktum sveitarstjórnar eða fagráðs/nefndar.
- Hefur skyldur varðandi upplýsingagjöf til einstaklinga, fjölmiðla og kjörinna fulltrúa.
- Ber ábyrgð gagnvart næsta stjórnanda ofar í skipuriti og lýtur fyrirmælum hans.

9. grein

Verði stjórnandi var við óeðlileg frávik frá markaðri stefnu, settum reglum eða samþykktum starfs- og fjárhagsáætlunum í rekstri stjórnunareininga sem undir hann heyra, beinir hann fyrirmælum um úrbætur til næsta undirmanns sem ber ábyrgð á viðkomandi deild/stofnun eða grípur til annarra nauðsynlegra aðgerða.

10. grein

Stjórnanda er skylt að láta næsta yfirmann vita ef möguleikar hans á að vinna úthlutað verkefni eru skertir vegna vanþekkingar, hagsmuna, tengsla eða annarra ástæðna sem kunna að vera fyrir hendi. Yfirmaður viðkomandi stjórnanda skal taka tillit til þess við vinnslu verkefnisins og gerðar næstu símenntunaráætlunar ef við á.

11. grein

Þegar stjórnanda er falið að rita umsögn um ákveðið mál skal hann rita umsögnina samkvæmt faglegri þekkingu og með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi, enda mikilvægt að fagleg sjónarmið ráði för í allri ákvarðanatöku og störfum einstakra starfsmanna sveitarfélagsins. Kjörnum fulltrúum, starfsmönnum eða öðrum sem eiga hagsmuna að gæta er óheimilt að hafa áhrif á innihald slíkra umsagna enda samræmist það ekki siðareglum kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa og stjórnenda hjá Norðurþingi.

12. grein

Verði stjórnandi eða starfsmaður var við að reynt sé að hafa áhrif á innihald umsagnar, fái fyrirmæli sem eru ólögleg eða brjóti í bága við siðferðiskennd hans og fagleg sjónarmið er honum skylt að láta ekki undan slíkum þrýstingi og bregðast við. Sama á við verði starfsmaður var við ólölega starfsemi eða ákvarðanir, sem brjóta í bága við ákvarðanir byggðarráðs/sveitarstjórnar eða ofangreindar siðareglur Norðurþings. Í slíkum tilvikum skal viðkomandi stjórnandi snúa sér til innri endurskoðanda sveitarfélagsins.

IV. Um samskipti kjörinna fulltrúa og starfsfólks

13. grein

Sveitarstjóri er yfirmaður stjórnsýslu sveitarfélagsins og alls starfsliðs. Einstakir, kjörnir fulltrúar hafa ekki umboð til að gefa starfsfólki fyrirmæli og skulu ekki hafa bein áhrif á störf þeirra eða ákvarðanir. Tengill kjörinna fulltrúa við starfsfólk sveitarfélagins er sveitarstjóri og sviðsstjóri hvers sviðs. Samskipti kjörinna fulltrúa og stjórnsýslu skulu miðast við skilgreinda tengiliði hvers málaflokks, nema sérstaklega sé kveðið á um annað með sérstökum samþykktum nefnda og ráða sveitarfélagsins, enda skuli það tengjast afmörkuðum verkefnum sem eru í vinnslu. Kjörnum fulltrúum er óheimilt að reka erindi íbúa sveitarfélagsins við einstakt starfsfólk og vilji kjörinn fulltrúi koma máli í farveg skal það gert innan viðkomandi ráðs/nefndar eða fyrir milligöngu sveitarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra í samráði við sveitarstjóra. Starfsfólki er óheimilit að leita til kjörinna fulltrúa varðandi málefni sem lítur að launakjörum og starfsumhverfi, enda eru kjörnir fulltrúar ekki yfirmenn stjórnsýslunnar.

Gildistími og endurskoðun

Reglur þessar um ábyrgðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarfólks í stjórnsýslu Norðurþing sem sveitarstjórn hefur samið og samþykkt taka gildi við staðfestingu sveitarstjórnar. Þær ber að endurskoða eigi sjaldnar en við upphaf hvers kjörtímabils.

Samþykkt af byggðarráði 30.03.2023.
Staðfest af sveitarstjórn 13.04.2023.